

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/119/EB

2007/EES/54/11

frá 5. desember 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE barst yfirvöldum í Frakklandi 15. desember 2000 umsókn Aventis CropScience France (nú Bayer CropScience) um að skrá virka efnið mesósúlfúron (í formi mesósúlfúronmetýls) í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/287/EB ⁽³⁾ að málsskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 2) Yfirvöldum í Þýskalandi barst umsókn skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE hinn 25. janúar 2000 frá Bayer AG (nú Bayer CropScience) varðandi própoxýkarbason (í formi própoxýkarbasonnatríums, áður nefnt: MKH 65 61). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/463/EB ⁽⁴⁾ var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 3) Yfirvöldum í Breska konungsríkinu barst umsókn skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE hinn 2. júní 1999 frá Rohm og Haas France SA (nú Dow Agro Sciences) varðandi soxamíð (áður nefnt: RH-7281). Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/540/EB ⁽⁵⁾ var því lýst yfir að umsóknin væri fullfrágengin.
- 4) Áhrif þessara virku efna á heilbrigði manna og umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjendur hafa í huga. Tilnefndu skýrslugjafaraðildarríkin lögðu drög að matsskýrslum um efnin fyrir framkvæmdastjórnina 12. desember 2001 (mesósúlfúron), 26. mars 2001 (própoxýkarbason) og 10. ágúst 2001 (soxamíð).

- 5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað drögin að matsskýrslunum innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra. Endurskoðuninni lauk 3. október 2003 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um mesósúlfúron, própoxýkarbason og soxamíð.
- 6) Endurskoðun á mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði leiddi ekki í ljós nein þau álitæfni eða vandamál er gæfu tilefni til samráðs við vísindanefndina um plöntur.
- 7) Ýmsar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuvarnarefni, sem innihalda viðkomandi virk efni, uppfylli almennt kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því þykir rétt að bæta mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði við í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda þessi virku efni, í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 8) Að lokinni skráningu skulu aðildarríkin fá eðlilegan frest til að beita ákvæðum tilskipunar 91/414/EBE að því er varðar plöntuvarnarefni sem innihalda mesósúlfúron, própoxýkarbason og soxamíð, einkum til að endurskoða gildandi bráðabirgðaleyfi og, eigi síðar en í lok tímabilsins, umbreyta leyfunum í fullnaðarleyfi, breyta þeim eða afturkalla þau í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE.
- 9) Rétt þykir því að breyta tilskipun 91/414/EBE til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2004 frá 3. desember 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 26.5.2005, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 247, 30.9.2003, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 99, 10.4.2001, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 183, 22.7.2000, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 230, 12.9.2000, bls. 14.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. október 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu endurskoða heimildina fyrir hvert plöntuvarnarefni sem inniheldur mesósúlfúron, própoxýkarbason eða soxamíð til að ganga úr skugga um að skilyrðin, er varða þessi virku efni og eru sett fram í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, hafi verið uppfyllt. Þau skulu breyta leyfunum eða afturkalla þau í samræmi við tilskipun 91/414/EBE eigi síðar en 30. september 2004 ef nauðsyn krefur.

2. Aðildarríkin skulu endurmeta hvert heimilað plöntuvarnarefni, sem inniheldur mesósúlfúron, própoxýkarbason eða soxamíð sem eina virka efnið, í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli tilskilinna skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka. Þau skulu ákvarða á grundvelli matsins hvort efnið uppfyllir

skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Ef nauðsyn krefur og eigi síðar en 31. ágúst 2005 skulu þau breyta eða afturkalla leyfið fyrir hvert slíkt plöntuvarnarefni.

3. Aðildarríkin skulu endurmeta hvert plöntuvarnarefni, sem inniheldur mesósúlfúron, própoxýkarbason eða soxamíð ásamt einu eða fleiri virkum efnum sem hafa verið skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka þeirrar tilskipunar, á grundvelli skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við þá tilskipun. Þau skulu ákvarða á grundvelli matsins hvort efnið uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Þau skulu, ef nauðsyn ber til, breyta eða afturkalla leyfi fyrir viðkomandi plöntuvarnarefni fyrir lok frestsins sem settur var fyrir slíka breytingu eða afturköllun í þeim tilskipunum þar sem I. viðauka var breytt til að bæta við viðkomandi efnum. Þar eð mismunandi frestur er settur í þessum tilskipunum skal lokadagur frestsins vera síðasta dagsetningin.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. apríl 2004.

5. gr.

Þessari tilskipun er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í I. viðauka er eftirfarandi línur bætt við í lok töflunnar

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
„76	Mesósúlfúron CAS-nr. 400852-66-6 CIPAC-nr. 441	2-[(4,6-dímetoxýpýrimidín-2-ýlkarbamóýl)súlfamóýl]- α -(metansúlfonamíðó)-p-tólúensýra	930 g/kg	1. apríl 2004	31. mars 2014	Eingöngu má leyfa að nota efnið sem illgresiseyði. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um mesósúlfúron, einkum I. og II. viðbættis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. október 2003. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: — að gefa vernd vatnplantna sérstakan gaum, — að gefa sérstakan gaum að mesósúlfúroni og umbrotsefnum þess vegna mögulegrar mengunar grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- eða veðurfarsþætti. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á.
77	Própoxykarbason CAS-nr. 145026-81-9 CIPAC-nr. 655	2-(4,5-dihýdró-4-metýl-5-oxó-3-própoxy-1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)karboxamíðósúlfonýl bensósýrumetýlester	974 g/kg (gefið upp sem própoxykarbasonnatríum)	1. apríl 2004	31. mars 2014	Eingöngu má leyfa að nota efnið sem illgresiseyði. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um própoxykarbason, einkum I. og II. viðbættis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. október 2003. Við heildarmatið ber aðildarríkjunum: — að gefa sérstakan gaum að própoxykarbasoni og umbrotsefnum þess vegna mögulegrar mengunar grunnvatns þegar virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- eða veðurfarsþætti, — að gefa vernd vatnavistkerfa sérstakan gaum, einkum vatnplantna. Gera skal ráðstafanir til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Aðildarríkin skulu tikynna framkvæmdastjórninni í samræmi við 5. mgr. 13. gr. um forskriftina að tæknilega efninu sem framleitt er sem verslunarvara.
78	Soxamíð CAS-nr. 156052-68-5 CIPAC-nr. 640	(RS)-3,5-díklór-N-(3-klór-1-etýl-1-metýlasetonýl)-p-tólúamíð	950 g/kg	1. apríl 2004	31. mars 2014	Einungis má leyfa að efnið sé notað til sveppaeyðingar. Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka skal taka tillit til niðurstaðna endurskoðunarskýrslunnar um soxamíð, einkum I. og II. viðbættis við hana, í lokagerð frá hendi fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra frá 3. október 2003.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“